

Orusta (3 afbrigði)

Spil fyrir 2.

Gögn: Spilastokkur með 52 spilum.

Undirbúningur: Spilunum er skipt jafnt á milli.

Gangur spilsins (stærra en): Báðir snúa spilunum á grúfu og mega ekki skoða þau. Báðir leggja efsta spilið sitt upp í loft á borðið. Sá sem er með hærra gildi segir t.d. “9 er meira en 5” og stingur báðum spilunum undir bunkann sinn. Endurtekið. Ef sama talnagildi kemur upp hjá báðum er farið “orustu” sem þýðir að báðir leggja eitt spil á hvolf ofan á sitt spil og annað upp í loft ofan á það. Sá sem er með hærra gildi vinnur stríðið og þar með öll spilin sem eru í borði.

Sigurvegari: Sá sem nær öllum spilunum til sín.

Afbrigði B-samlagning: Eins og áður nema nú er tveimur spilum snúið upp í loft og gildi þeirra lögð saman (til að einfalda má taka mannspilin úr eða hafa gildi þeirra 10 annars er gosi=11, drottning=12 og kóngur=13). Báðir segja upphátt, t.d. “4 plús 7 eru 11”. Sá sem er með hærri summu fær spilin. Farið er í “orustu” ef báðir hafa spil með sama gildinu eða summa beggja er sú sama. Þá leggja báðir tvö spil á hvolf og önnur tvö upp í loft. Sá sem er nú með hærri summu vinnur “orustuna” og fær öll spilin úr borði. Sé summan enn sú sama heldur “orustan” áfram.

Afbrigði C-margföldun: Eins og afbrigði B nema nú eru mannspilin og ásarnir teknir úr og gildi spilanna margfölduð saman. Farið er í “orustu” ef báðir hafa spil með sama gildinu eða margfeldi beggja spilara er það sama. Hér gæti verið gott að nota tvo spilastokka.